

19. jan 2017

Fundur nr. 2 á árinu 2017, í aðalstjórn Vestra haldinn kl. 18.30 í Vestrahúsi

Mættir eru; Hjalti Karlsson, Guðfinna Hreiðarsdóttir, Sólrún Geirsdóttir, Gísli Jón Hjaltason og Sólrún Geirsdóttir.

Gengið til dagskrár;

1. Fundur með knattspyrnumönnum.

Formaður gerði grein fyrir fundi sem haldinn var með knattspyrnumönnum í kvöldið áður, þann 18. Janúar. Á þeim fundi voru mættir eftirfarandi fulltrúar aðalstjórnar; Hjalti, Guðfinna, Gísli Jón og Sigurður. Sterkustu skilaboðin frá knattspyrnumönnum eru þau að yfirbyggt knattús sé í algjörum forgangi. Alls ekki eigi að stefna að uppbyggingu aðalvallar með upphitun þar sem líklegt þyki að kostnaður við rekstur sé of mikill og ávinningur of lítill. Vísað í reynslu fjömggra félaga. Að öðru leiti vísast í ritaða fundargerð þessa fundar.

2. Staða sunddeildar.

Farið yfir alvarlega stöðu sunddeildar, fæð iðkenda og þjálfaravandræði

3. Ferðamál.

Formaður reifaði hugmyndina um stofnun vinnuhóps sem fara ætti yfir ferðamál félagsins. Hlutverk hans yrði að gera e.k. þarfagreiningu og í kjölfarið bera saman kostnað við að eiga eða leigja farartæki. Safna þarf saman gögnum og finna einstaklinga í verkið.

4. Önnur mál

1. Rætt um stofnun styrktarvörunefndar aðalstjórnar. Nefndinni ætlað að skoða þau mál, hvað mætti bjóða uppá og hvernig. Þrjú nöfn kandidata í nefndina komu fram og formanni falið að ræða við þá.
2. Styrkjamál. Farið yfir þá styrki sem aðalstjórn hefur sótt um. Fáum 150 þús. frá ÍSÍ og bíðum svara frá Rannís og UMFÍ

Fundi slitið 19.40

Fundargerð ritaði Hjalti Karls